



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



7. 2. – 28. 3. 2004

Eira Þórarinsdóttir

**Corpus lucis sensitivus**



Corpus lucis sensitivus - Innihaldið þitt, 2004  
Corpus lucis sensitivus – your conent  
óliulitur, blaðsilfur og litarduft á striga  
oil, sheet silver and pigment on canvas 160 x130 cm.

Erla Þórarinsdóttir hefur þróað með sér eigin stíl í málverki, bæði að formi og áferð. Í stað þess að láta sér liti nægja fór hún að stunda gullgerðarlist á striga - breyta silfri í gull. Eins og gullgerðarmenn endureisnarinnar hvarf hún fyrir nokkrum árum inn í „fornöld“ hinna kyrru, stóru og einföldu forma í verkum sínum. Verk hennar mynda því sterka andstæðu við raunveruleika samtímans með öllu því framboði á skjámyndum, helgimyndum, ruslahaugum, skurðgoðum, táknum, fréttamyndum og varningi.

Eftir að hafa dýft mér ofan í myndir Erlu eins og hrafn fram af bjargi og fallið í heimikinn trans vil ég gera tilraun til að miðla því sem ég sé - bjóða ykkur að bera mína túlkun saman við ykkar. Auðvelt er að greina frá staðreyndum eins og þeirri að Erla hefur síðustu misserin af einhverjum ástæðum málað rautt á veturna, en blátt og hvítt á sumrin. Er út í hött að leita hér skýringa? Myrkrið sé rautt og víddin blá? Auðvelt er að týna sér í orðaflóði þegar myndlist er annars vegar: Hjá Erlu fer vönduð nákvæmnisvinna saman við stóra sýn, úr myndunum má lesa samhygd, æsta kyrrð, konunglegan ofsa, gull og purpura ... en ég vil ekki sjá myndirnar hennar eins og hópur af stórrum þegar hægt er að fljúga inn í þær og heyra í þeim sjávarföllin.

List Erlu er að því er ég fæ best séð djúpsæ og alvarleg. Hún afneitar flóknum formum æðri menningar og lífsögu, en heldur sig samt við hinn gamla striga. Hún heldur órlitlu einföldu myndmáli eftir sem nægir þó til að geta sagt skýra sögu, sem

Erla Þórarinsdóttir has developed her own unique style in painting, whether in form or texture. Not being content with using just paint she began practicing alchemy on canvas – turning silver into gold. Like the alchemists of the renaissance, a few years ago she disappeared into ‘ancient cultures’ of those still, large, simple forms present in her work. In that way her works are in strong opposition to the reality of modern times, with its vast supply of televised images, icons, garbage dumps, idols, symbols, newsreels and consumer goods.

Having dived into Erla’s paintings like a raven from a cliff and fallen into a deep trance, I’d like to try to communicate what I see – to invite you to compare my interpretation with yours. Facts are easy, like that in the recent past Erla has for some reason painted red in the winter, blue and white in the summer. Is it absurd to seek explanations? That perhaps darkness means red, expanse blue? It is easy to lose oneself in a flood of words where art is concerned. With Erla, meticulous and detailed work is combined with a grand vision. The pictures portray empathy, fervent stillness, royal violence, gold and purple and yet I don’t want to view her pictures as a group of starlings, when I can fly into them and hear for myself the sound of the tide.

As far as I can see, Erla’s art is serious and deep. She rejects the complex forms of high-brow culture and history and yet stays with the canvas. She keeps a simple visual language that are nonetheless enough to tell a clear story, which becomes a larger story when the pictures are in dialogue with each other. By creating such language out of simple images Erla has, in her own unique way, managed to de-think the effects of a culture that is centuries old. In Erla’s world, only a few colours and metals have been invented, and only the simplest forms. And yet the pictures speak entirely from the present. What remains is artobjects, or planets, corpus lucis sensitivus – light-sensitive ‘creatures’ that evoke powerful memories from the world of collective awareness.

The age is the age of silver, because the pictures contain silver that has interacted with light and oxygen. Like a living organism, silver on canvas is awarded a certain length of time before darkness descends. The air slowly turns the silver to gold, but if the process is allowed to continue it eventually becomes blackened – like a silver spoon. Yet the artist has the power of one who creates, and freezes time. When she feels that the

veður að stærri sögu þegar myndirnar tala saman. Með því að búa til svo einfalt myndmál hefur Erlu á sinn persónulega hátt tekist að afhugsu áhrif árbúsunda menningar. Í heimi Erlu hafa fáir litir og málmar verið fundnir upp, og aðeins einföldustu form. Samt tala myndirnar algjörlega úr samtímanum. Eftir standa listgripir eða himintungl, corpus lucis sensitivi - ljósnæmar „skepnur“ sem kalla fram sterk minni úr heimi samvitundar.

Timabilið er silfuröld, því að á myndunum er silfur sem gengið hefur í samband við ljós og súrefni. Silfur sett á striga á sér eins og lifvera vissan líftíma áður en sortnar að. Loftið gyllir silfrið hægt og rólega, en gangi ferlið alla leið fær það að lokum blakkan lit – eins og silfurskeið. En listamaðurinn hefur vald þess sem skapar og frýstir tímann. Þegar hann telur ljósnæmt silfrið hafa náð réttu birtustigi lokar hann myndinni með lakkhimnu. Þetta heitir að fernisera. Þetta hefur einstök áhrif á silfrið en er gert við allar oliumyndir, loftið hættir þá að sleikja þær svo þær ná að lifa í nokkur hundruð ár, þar til ... en þessi sýning er ekki um eyðileggingu eða dvala, heldur lífskraft, kynorku, spennu, fegurð og sköpun.


Á sýningu Erlu í Gerðasafni í Kópavogi 2001 ríkti algerlega hófstíllt kyrrð eins og í egypsku grafhýsi, bæði í formum og litum, enda hafði hún þá misst sína nánustu. Sú sýning var sem nótt en þessi sýning er sem dagur, því sterkir litir ríkjá nú, líf, sköpun og átök. Erla leitar enn samnefnara sem er einfaldur og miðlægur. Leiðin liggur „út úr almanakinu“, ekki aftur til þeirrar eilífðar sem ríkir í grafhýsum Egyptalands, heldur út og inn í eilífð sköpunarinnar. Erla beinir okkur í tvær gagnstæðar áttir sem ríma saman, út í kosmiskar víddir og inn í blóðheim okkar sjálfra. Á sýningunni vaknar stjarnfræðileg vitund eins og ferðast sé meðal himintungla. Hér er fengist við hjartslátt sköpunar, jafnt jarðarinnar og lifverunnar, einskonar kjarna allrar tilveru. Hér gefur það að líta sem fleiri „geimverur“ en mennirnir kannast við ... Er blóð dýra ekki rautt eins og óstorknað hraun um heima alla? Er ekki silfur að finna um alheiminn þar sem líf hefur kviknað, rétt eins og ljós, hita, loft, kulda, líti og hin ýmsu efnasambönd eðlisfræðinnar?

Í stóru formunum í myndum Erlu er enn viss festa, en flæði mikilla efnaferla brjótast um innra með þeim og springa út úr sumum myndunum. Goðin hafa vaknað og tekið til starfa. Sé þetta okkar jörð erum við komin billjónir ára aftur í tímann, jörðin er svo heit að kvikuflóðið er ekki enn bundið í æðum neðanjarðar. Málmur og eldur búa innra

light-sensitive silver has had the correct level of light she closes the picture with a film of varnish. This has a unique impact on the silver, but is in fact done with all oil paintings, the air stops licking at them and they are given a lifespan of a few hundred years, until... but this exhibition is not about destruction or hibernation but rather the life force, sexual energy, tension, beauty and creativity.

Erla's exhibition in Gerðarsafn, Kópavogur, in 2001, contained a modest stillness like that of an Egyptian tomb, in both form and colour. At the time she had recently lost her closest relatives. That exhibition was like night, but this is like day, strong colours prevail now, life, creativity, conflict. Erla is still looking for a simple and central common denominator. The path lies 'out of the calendar', not back to the eternity that prevails in the tombs of Egypt, but rather outwards into the infinity of creation. Erla points us in two separate directions that nevertheless rhyme, into cosmic dimensions and into our own blood-world. The exhibition awakens a cosmic awareness, as if we are traveling between different planets. What we see here is the heartbeat of creation, that of the earth and of the living organism, a sort of core of all existence. Inherent in this are things that not only the 'aliens' that are human beings recognize.... Is the blood of animals not red like the magma of all worlds? Is not silver to be found throughout the universe where life has been awakened, just like light, heat, air, cold, colour and the diverse chemical compounds of physics?

The large forms in Erla's works still contain a certain stability, but the surge of vast chemical processes struggle inside them and explode out of some of the paintings. The gods are awakened and have begun their work. If this is our planet we have retreated billions of years back in time, the earth is so hot that the flood of magma has not been harnessed into underground veins. Metal and fire live within us as in the planets of the sky. Some of the pictures have the smell of blood so that the 'blood reality' within us is violently awakened. The blood has overrun its course and much slaughter has taken place. And yet there is brilliant light and shining beauty in the pictures. After all, blood refers not only to wounds and death, but also to woman's sex, birth, the eating of meat, religion. Without pain and beauty there is no life, the two go hand-in-hand, we are thoroughly reminded of that by the red pictures. The exhibition then turns more tranquil



Corpus lucis sensitivus - fæðmur / Corpus lucis sensitivus – embrace, 2002, óliulltur, blaðulltur og litarduft á striga / oil, sheet silver and pigment on canvas 160 x130 cm.

með okkur sjálfum sem í himintunglunum, enda er af þessum sömu myndum blóðlykt svo að „blóðveruleikinn“ innra með oss vaknar með sinn ofsa. Blóðið hefur runnið úr farvegi sínum og mikil slátrun átt sér stað. Samt er þessi magnaða birta í myndunum og gjáandi fegurð. Blóð vísar ekki bara til sára og dauða - það fylgir sköpum konunnar og öðru viðhaldi svo sem fæðingu,

and peaceful – thankfully – in two blue pictures that are in opposition to the red ones. They sit in the form of angels on the outer edges of the solar system as reminders of cold, balance and detachment. The calm in the pictures Gabriel and Fæðmur (Embrace) promises rest and peace after the bloodshed of life, or during brief respites while life exists.

kjótáti, trúarbrögðum. Ekkert líf er án sársauka og fegurðar, þetta tvennt helst í hendur, við erum rækilega minnt á það í rauðu myndunum. Sýningin stillist síðan niður og róast - sem betur fer - við tvö blá málverk sem mynda andstæðu við rauðu myndirnar. Þau sitja í einskönar englilíki á ystu mörkum sólkerfisins og minna á kulda, jafnvægi og fjarlægð. Lognið í myndunum Gabriel og Faðmur lofar hvíld og friði eftir þá blóðsúthellingu sem lífið er, eða í hléum á meðan það stendur yfir.

Ég hef sokkið svo djúpt inn í tímaleysi mynda Erlu í tilraun minni til að skýra þær, að þegar ég ranka við mér er tilvistin með allt sitt tímatali ekki lengur eins þrúgandi. List eins og þessi sem afhugsar of flókna tilvist og leitar að nýjum samnefnara vekur von. Það sama er verið að gera í tækni, fræðum og listum ... að leita framtíðar. Ávinningar mannkyns í samskiptum vekja upp tilfinningu fyrir núinu sem fornöld framtíðarinnar: Mannkyn sem var klofið niður í ótal menningarkima er að læra að tala saman upp á nýtt. Kvikmyndir, tónlist og myndlist leika hér stór hlutverk. Það sem virkar best er djúpt og sterkt í einfaldleika sínum, eins og myndir Erlu, því það týnist svo margt í þýðingu og veröldin er víst fyrir alla.

Heimurinn horfir þessa dagana á blóðförn síðustu tvö þúsund ára á hvíta tjaldu í útfærslu Mel Gibsons. Erla setur hér í sýningunni upp sitt eigið tilbrigði við páskastef hins eilífa lífs sem er eins og rauð sprengja. Allt hreinsast í „blóðflóði“ og verður nýtt að vori. Sjálf vorið heitir „sprengja“ á ensku, þessi orð eru af sama stofni, fyrir okkur blóðverurnar hefur vorið óralengi verið trúarlegt tilefni fórnar og blóðs. Með því að bera saman þessi tvö páskastef - það gamla hans Gibsons og Erlu - verður ljóst hvað menningin er orðin óræð. Í útfærslu Erlu felst frelsi og táknmál sem hentar öllum, hér eru engir flóknir menningarbundir táknlyklar. Þó lesa megi úr sýningunni trúarstef sem minna á passíu - leiðina frá blóði til engils - er það eina sem hún nefnir eldra en kristni, svo sem engillinn, hvað þá blóð ...

Hugleiðing hennar ber djúpan boðskap ef grannt er skoðað, og er þægilega laus við allt „tvö þúsund og ...“. Við þurfum að geta skynjað og túlkað það sem skiptir öllu máli á nýjan hátt.

Segja má mikið þótt sparlega sé farið með myndmálið.

Bara fara inn í myndirnar krakkar ...

In my attempt to explain Erla's works I have sunk so deeply into their timelessness that when I return to reality, time is less oppressive. Art like this, that deconstructs a too-complex reality and searches for a new common denominator, brings hope. The same is being done in the field of technology, in science, in art... it is the search for the future. What the human race gains in communication awakens a sense of the now as the middle ages of the future. Mankind that has been divided into innumerable cultural corners is learning to enter into dialogue anew. Films, music and art play a significant role in that regard. What works best is deep and strong in its simplicity, like Erla's works, because so much gets lost in translation and the world is supposed to be for everyone.

These days, the world watches the blood sacrifice of the past two thousand years as interpreted by Mel Gibson up on the silver screen. With this exhibition, Erla presents her own variation on the Easter refrain of eternal life, which is like a red explosion. Everything is cleansed in a 'blood flood' and becomes renewed in the spring. The very word 'spring' is of the same origins as the Icelandic word 'sprengja', meaning explosion. For us, blood creatures, spring has for a very long time been a religious cause for sacrifice and blood. By comparing these two Easter refrains - Gibson's and Erla's - we see how inscrutable culture has become. In Erla's interpretation there is freedom and imagery to suit everyone - there are no complex keys presented by cultural images. Although one can read in the exhibition a religious refrain to remind of the passion - the progression from blood to angel - what it actually refers to is older than Christianity, witness the angel, to say nothing of blood ...

If closely examined, Erla's meditation carries a deep message and is comfortably free of all 'two-thousand and ...'. We need to be able to sense and interpret that which means most to us in a new way.

It is possible to say much, even with sparse imagery.

Just dive into the pictures, kids...

*Pórunn Valdimarsdóttir*

Í Corpus lucis sensitivus er sá ljósnæmi líkami sem hefur orðið til úr litardufti, linoliu, silfri og tíma. Hann á uppruna sinn að rekja til ófniskennindra þátta; sameiginlegar undirvitundar og nálgunar við það sem gerist innra með okkur. Hann tilheyrir einnig tilveru málverksins, er abstrakt og konkret og gerir ekki tilkall til þjóðernis. Ég hef leyft honum að koma í ljós með viðveru, treyst á tilveru hans, ýmist þjappað og þétt eða fylgt honum eftir. Líkaminn er viðkvæmur, hann umbreytist í ljósi í tíma og ótíma. Við áhorf bregst hann við...

*Erla Þórarinsdóttir*

Corpus lucis sensitivus is the light-sensitive body that has been created from pigment, linseed oil, silver and time. It originates in that which is nonmaterial, our collective unconscious and an approach to the metaphysical aspects of what happens within us. It also belongs to the existence of painting, is abstract and concrete and has no claim for nationality. I have allowed it to appear by being present, trusted its existence, and either packed and compressed it or followed where it led. The body is sensitive; it transforms with light and time. It reacts when being perceived...

*Erla Þórarinsdóttir*

## INNGANGUR

Sólin er hinn mikli lífgjafi alls, hún fóstrar líf, leyfir því að þroskast og ná fullkomnun – en um leið er eyðingarmáttur hennar það afl sem að endingu mun gera allt það sem skapað er að dufti á ný.

Það hefur löngum verið viðfangsefni listamanna að finna leiðir til að verja verk sín gegn þessum krafti, sem í senn er skapandi og eyðileggjandi, þar til hringrásin getur hafist að nýju. Í þessu skyni forðast menn að láta dagsljósið skina á málverk og verja þau gegn sveiflum hita og raka, í þeirri von að fyrir slíka vernd nái listaverkin að lífa að eilífu. En ekkert lifir að eilífu.

Erla Þórarinsdóttir hefur sætt sig við þessa staðreynd tilverunnar. Í stað þess að forða málverkum sínum frá birtu sólar hefur hún gert dagsbirtuna að virkum þátttakanda í þeirri listsköpun, sem lýkur í raun aldrei.

Í sýningunni "Corpus lucis sensitivus" í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum hefur listakonan lokið sínum þætti í sköpuninni; listaverkin eru komin á sinn stað, en nú tekur við sköpunarferli sólarinnar. Gestir geta á sýningartímabilinu fylgst með þeim breytingum sem verða á listaverkunum – og um leið hugleitt með hvaða hætti þeir sjálfir munu breytast á sama tíma.

*Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

## INTRODUCTION

The sun is the great giver of life, as it fosters it, allows it to mature and reach perfection – but at the same time it is the sun's power of destruction that will eventually bring all of creation back to dust.

It has for a long time been one of the main projects of artists to find ways to protect their works against this force, that is at the same time creative and destructive, until the cycle can begin anew. In this endeavour you shield paintings from the daylight and protect them from fluctuation in heat and humidity, in the unrealistic hope that through such protection the artworks may be saved for eternity. But nothing is forever.

Erla Þórarinsdóttir is one of a few artists that has come to terms with this fact of life. Instead of saving her paintings from the light of the sun, she has made the daylight an active participant in the artistic creation that is really never completed.

In the exhibition "Corpus lucis sensitivus" in the Reykjavik Art Museum – Kjarvalsstaðir the artist has completed her part in the creation; the art works are in place, but now the creative process of the sun takes over. Guests can throughout the exhibition period follow the changes that will take place in the artworks – and at the same time ponder how their own lives will change during the same period.

*Eiríkur Þorláksson,  
Director of Reykjavik Art Museum*

## ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR

fædd/born í Reykjavík 22. september 1955  
Skólavörðustíg 43 - 101 Reykjavík - Iceland -  
tel/sími: 354/699 4906 - tölvupóstur/e-mail: real@mi.is

Erla ólst upp í Reykjavík, á Hvammstanga, í Soró, Árósum og Gautaborg. 1975-84 bjó hún í Stokkhólmi. Þá var hún í New York í rúmt ár. Frá 1985 hefur Erla verið búsett í Reykjavík, en á tímabilum dvalið erlendis.

Erla grew up in Reykjavík, Hvammstangi, Soró, Århus and Gothenburg. From 1975-1984 she lived in Stockholm. Then she stayed in New York for a year. Since 1985 Erla has resided in Reykjavík, periodically dwelling abroad.

### Menntun/Education:

1976-81 Konstfackskolan i Stockholm -The University of Arts and Design in Stockholm, Sweden  
Gerrit Rietveld Akademie in Amsterdam

### Einkasýningar í úrvali / Selected Solo Exhibitions:

- 2003 Corpus. Galerie Jan Katuin, Groningen, Holland.
- 2003 Birting. Slunkaríki, Ísafirði.
- 2002 Timings. Galerie 19rouge, Lúxemborg.
- 2001 Tímasetningar. Listasafn Kópavogs Gerðarsafn.
- 1998 Oxidasjónir. Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1997 Instans. Forum, Stockholm.
- 1997 Staðir. Listasafn ASÍ, Reykjavík.
- 1995 Inngangur/útgangur. Hljóð: Andrew M. McKenzie. Listasafn Akureyrar, Akureyri.
- 1994 Hljóðmynd. Hljóð: Andrew M. McKenzie. Gerðuberg, Reykjavík.
- 1994 Staðsetning. Nýlistasafnið, Reykjavík.
- 1991 Viðmiðun. Norræna Húsið, Reykjavík.
- 1989 Landið. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- 1988 Myndaröð minnis og gleymsku. Slunkaríki, Ísafirði.
- 1986 Ánden er lös. Worlds' End, København.
- 1984 The Red Sea Painting Show. Eastman Wahnendorf Gallery, New York.
- 1983 Urbilder-efterkrigsbilder. Barbar, Stockholm.
- 1982 Suxsex (samvinna við Knut Swane). Zon, Stockholm.

### Samsýningar í úrvali / Selected Group Exhibitions:

- 2003 Biennal í máleri. Väsby Konsthall, Upplands Väsby, Sverige.
- 2002 My body is over the ocean -the sea. Alma Löf Museum, Sunne, Sverige.
- 2001 Nordisk måleriennal. Väsby Konsthall, Upplands Väsby, Sverige.
- 2000 Losti 2000. Listasafn Akureyrar, Akureyri.
- 2000 Landlist við Rauðavatn. Rauðavatn, Reykjavík.
- 1999 Nordic Transparency. Stedelijk Museum, Amsterdam.
- 1998 Alma Löf Museum, Sunne, Sverige.
- 1995 Íslensk abstraktlist-endurskoðun. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- 1994 Skúlptúr, skúlptúr. Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
- 1992 Ute-Inne. Forum í Vasaparken, Stockholm.
- 1988 Reykjavík-Helsinki via Cairo. Gallerie Pelin, Helsinki.
- 1987- Upplands Konstmuseum, Uppsala. Joensuu Taidemuseo, Joensuu, Finland, Södertälje Konsthall,
- 1986 Miklatún Manhattan (touring exhibition) Nordiskt Konstcentrum, Sveaborg, Galleri F-15, Moss, Norge.
- 1985 Hér og nú. Kjarvalsstaðir, Reykjavík, Reykjavík.
- 1984 Málverk, ung ísländsk konst. Lunds Konsthall, Lund, Svíþjóð.
- 1983 Ricochet, 25 peintres et David Bowie. Galerie Creatis, Paris.
- 1983 Ungt svenskt avantgarde. Skånska Konstmuseet/Pictura, Lund, Sverige.

### Verk í eigu safna/Works in Public Collections:

Listasafn Háskólans, Reykjavík / Listasafn Kópavogs, Kópavogur / Listasafn Íslands, Reykjavík  
Nýlistasafnið, Reykjavík / Hönnunarsafn Íslands / Statens Konstråd, Stockholm / Listasafn Reykjavíkur